# Álfhólsskóli

## Skólaráðsfundur

| **FUNDARGERÐ** | Tilefni fundar<br>Fyrsti fundur skólaráðs | | |
|---|---|---|---|
| Dags. fundar<br>30. september 2013 | Tími<br>(08:10 – 10:00) | Staður<br>Skólastjóraskrifstofa, Hjalla | Nr. fundar<br>1 |
| Fundarboðandi<br>Sigrún B. | Fundarritari<br>Sigrún Guðm. | Fundarstjóri<br>Sigrún B. | Fj. bls.<br>2 |

Boðaðir voru:

Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir, Jakob Zarioh Baldvinsson, Guðrún Embla Eiríksdóttir.

Mættir voru:

Allir boðaðir.

Málefni fundar:

1. Reglugerð og starfsreglur skólaráðs
2. Fulltrúi grenndarsamfélags.
3. Verkefnalisti skólaráðs.
4. Skólabyrjun
5. Dægradvöl
6. Öryggi barna
7. Önnur mál

| **Málefni** | **Niðurstaða** |
|---|---|
| 1. Reglugerð og starfsreglur skólaráðs. | Lögð voru fram ljósrit af reglugerð um skólaráð við grunnskóla og einnig ljósrit af starfsreglum skólaráðs Álfhólsskóla sem var unnið 22. október 2010. |
| 2. Fulltrúi grenndarsamfélasgs. | Skólaráð leggur til að fenginn verði aðili frá íþróttafélgunum í skólaráðið. Sigrún ætlar að athuga með aðila frá HK. |
| 3.Verkefnalisti skólaráðs. | Verkefnalisti skólaráðs 2013-2014 lagður fram og farið yfir hann. |
| 4. Skólabyrjun. | Rætt var um skólabyrjun sem farið hefur mjög vel af stað nú í haust. Farið yfir starfsmannabreytingar, nýráðningar og það viðhald sem var á húsnæði skólans í sumar. Einnig voru áherslur vetrarins ræddar og endurmenntun starfsmanna. |
| 5. Dægradvöl. | Verið er að taka upp nýtt skipulag í Dægradvölinni. Gefa þarf því tíma meðan breytingarnar eru að ganga í gegn. Ánægja er með breytingarnar sem eru til mikilla bóta. |
| 6. Öryggi barna. | Rætt um mannlaust hús sem er við Álfhólsveginn. Rætt var um gangbraut í þrengingunni fyrir neðan íþróttahúsið í Digranesi. Talin skapast mikil hætta, þar sem bílar keyra mjög hratt þarna í gegn og einnig strætó<br>Rætt um skólalóðina og framkvæmdir tengdar henni og skólahúsnæðinu í Digranesi. |
| 7.Önnur mál. | Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 18. október. |